

Stjórnarfundur í Grímshaga haldinn á Hvanneyri 25. febrúar 2014

Mætt eru Guðrún Sigurjónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Lárus Pétursson, Ágúst Sigurðsson (í síma) og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð.

1. Ársuppgjör 2013. Drög að ársreikningi liggja fyrir. Samkvæmt þeim eru heildartekjur 83,1 mkr., rekstrargjöld 88,9 mkr. og fjármagnsgjöld 2,4 mkr. Tap ársins er 8,2 mkr. Farið yfir drögin og þau rædd.
2. Greining, kostnaði og tekjum skipt á 4 búgreinar. GS, ÞTJ og LP hafa unnið að greiningu á rekstrinum þar sem tekjum og gjöldum er skipt út á fjórar búgreinar búsins, mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt, nautaeldi og heysölu. Markmiðið með greiningunni er að einangra þá þætti sem valda taprekstri búsins þannig að hægt sé að bregðast við vandanum á markvissan hátt. Meginniðurstöður eru þær að tap á sauðfjárrækt er 7,3 mkr., tap á mjólkurframleiðslu er 1,5 mkr., tap á nautaeldi er 0,2 mkr. og heysala skilar 0,8 mkr. rekstrarafgangi.
3. Umræðupunktur. GS lagði fram umræðupunkta út frá rekstrargreiningu sbr lið 2. M.a. kom eftirfarandi fram:
 - Meginhluti taps búsins kemur fram í sauðfjárræktinni. Tekjur fjárbúsins standast vel allan samanburð og takmarkaðir möguleikar til að auka þær. Skýra má rekstrartapið með því að launakostnaður fjárbúsins er 13,7 mkr. en launagreiðslugeta þess 6,4 mkr. Möguleikar kunna að felast í því að endurmeta ræktunarstarf og þörf fyrir gagnaöflun, mælingar, vigtun o.fl. Einnig rætt um hvort hugsanlega megi fækka fénu verulega án þess að það bitni á ræktunarstarfi greinarinnar. Þá kann að vera að atvinnugreinin sjái sér hag í að styðja við ræktunarstarfið með árlegum styrk. Ákveðið að ÁS og JS ræði málið við forsvarsmenn bænda.
 - Rætt um fjós og nautaeldi. Á árinu 2013 komu upp vandamál í mjólkurgæðum, einkum hárrí frumutölu. Afleiðingin er sú að hlutfall innlagðrar mjólkur af framleiddri mjólk er of lágt. Sú mjólk sem ekki stenst gæðakröfur hefur verið notuð til fóðrunar á kálfum. Áherslu verður að leggja á bætt mjólkurgæði sem skila sér beint í auknum tekjum, talið er raunhæft að auka tekjur búsins um 6 – 8 mkr. með hækkuðu innlagnarhlutfalli mjólkur miðað við núverandi framleiðslu.
 - Fóðurkostnaður í fjósi er hár, rætt um hvorn kornrækt sé að skila sér í tekjum af mjólk og/eða sparnaði í fóðurbætiskaupum. Rætt um að hvíla kornrækt í sumar.
 - Afkoma nautaeldis í járnum og aðstaða þess í Þórulág ekki til frambúðar. rætt um að draga úr nautaeldi a.m.k. þannig að ekki sé verið að nota innleggshæfa mjólk til að fóðra kálfa.

Fleira ekki gert og fundi slitið.